



BRÝNIÐ



12.árg. 3.tbl. Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð Nív. 2007

Frá formanni:

Góðir félagar, nú hefur haustið og veturinn hafið innreið sína og framundan er aðalfundur þar sem fram fer stefnumörkun komandi starfsárs. Samkvæmt lögum félagsins á að halda aðalfund fyrir lok nóvember og er hann auglýstur hér í Brýninu. Gerð var skoðanakönnun meðal félagsmanna svo hægt væri að kortleggja áhuga og óskir félagsmanna, vonir þeirra og væntingar. Ýmislegt kom út úr þessari könnun sem rætt verður sérstaklega á aðalfundinum.

Hér verður aðeins gripið niður í þætti sem fram komu:

Eindreginn vilji kom fram um að efla fróðleik og aðgang að teikningum. Ef til vill er hægt að koma til móts við þessar óskir með því að efla Brýnið með áherslu á fróðleik og fréttir af félagsstarfi, einnig nýta heimasíðu félagsins. Hægt er að hugsa sér að félagið eignist fleiri teikningar og myndbönd, en í raun eru fáir sem sækja í það efni sem þegar er til hjá félaginu.

Mikill vilji var hjá félagsmönnum að hafa aðstöðu þar sem félagsmenn gætu komið saman, skorið og spjallað og fengið einhvern fróðleik án þess að um eiginleg námskeið væri að ræða. Hér er komið atriði sem er í raun í lögum félagsins en hefur ekki verið sinnt sérstaklega. Gæti verið að húsnæðisskortur og fjárhagur hafi spilað þar nokkuð inni.

Þegar um lítið félag er að ræða, eins og Félag áhugamanna um tréskurð, þarf að sníða sér stakk eftir vexti og ætla sér ekki um of. Þó má ekki sitja með hendur í skauti heldur taka fyrir einstaka þætti sem betur mega fara og vinna að framgangi þeirra.

Öll stefnumótun er á vettvangi aðalfundar og því mikilvægt að mæta og hafa þannig áhrif á starf og stefnu félagsins.

Sigurjón

Fundarboð, aðalfundur FÁT:

Aðalfundur Félags áhugamanna um tréskurð verður haldinn 20. nóvember 2007 kl. 20:00 í Gafl-inn – veitingahúsi Dalshrauni 13 í Hafnarfirði.

Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins. Önnur mál. Kaffi og meðlæti.

Lagabreytingar

Lagðar verða til á aðalfundi eftirfarandi breytingar á lögum félagsins. Breytingar eru undirstrikaðar en það sem fellur út er í sviga:

- | | |
|----------|---|
| 1. grein | Félagið heitir Félag áhugamanna um tréskurð.
Heimili þess er <u>hjá formanni félagsins.</u> (í Kópavogi) |
| 3. grein | 9. liður
Gæta hagsmuna (einstakra) félagsmanna... |
| 6. grein | Stjórn félagsins (geta) skipa (allt að) 6 manns sem kosnir eru... |

Dagskrá haustmisseris:

Laugardaginn 10 nóvember kl. 10-12:00, verður **opið hús** hjá Erni Sigurðssyni á verkstæði hans í Hamraborg 1 Kópavogi. Heitt verður á könnunni. Hér gefst félagsmönnum kostur á að hittast, fræðast hver af öðrum og ræða málin. Tímasetningin er höfð þannig að félagar utan þéttbýliskjarnans eigi auðveldara með að mæta.

Ef ekið er frá Kópavogskirkju, yfir gjána er verkstæðið í enda fyrsta hússins á vinstri hönd þar sem vegur liggur niður að Auðbrekku og í átt að Toyota.

Þriðjudaginn 20 nóvember verður **aðalfundur félagsins** í Gafl-inn í Hafnarfíði **kl. 20:00**

Laugardaginn 8 desember verður **jólafundur kl.13-15:00**, í samstarfi við Heimilisiðnaðarfélag Íslands að Nethyl 2e í Reykjavík. Tálgaðir jólasveinar og annað skraut.

Heimasíða FÁT:

Heimasíða Félags áhugamanna um tréskurð er: listalind.is/treskurdur. Félagsmenn eru hvattir til að senda inn fréttir og myndir sem gaman væri að hafa á síðunni. Hafið samband við Sigurjón Gunnarsson formann tölvupóstfang silo@mmedia.is, sími 8995716 eða Björn Bergsson ritara tölvupóstfang bbergs@mh.is.

Hitt og þetta:

Þrír félagar okkar í FÁT, þau Bjarni Þór Kristjánsson, Friðgeir Guðmundsson og Sigga á Grund, eiga muni á sýninu sem nú stendur yfir í Gerðubergi í Reykjavík. Sýningin er haldin í tilefni af Norrænu heimilisiðnaðarþingi sem haldið var í Reykjavík um síðustu mánaðarmót og endurspeglar það sem verið er að gera í ýmsum geinum heimilisiðnaðar. Sýningin stendur til 11 nóvember.

Það er skemmtilegt að segja frá því hér að einn félagi okkar Jón Adólf Steinólfsson sýnir um þessar mundir í Nordic Heritage Museum í Seattle í Bandaríkjunum. Þetta er samsýning og er hinn sýnandinn Tryggvi Laurum. Sýningin stendur til 11 nóvember.

Í sumar tók FÁT í fyrsta skipti þátt í handverkssýningunni að Hrafnagili í Eyjafirði. Friðgeir Guðmundsson hafði veg og vanda af þáttöku félagsins. Honum til aðstoðar voru Rafn frá Akranesi, Margrét frá Akureyri, Sigurbjörg úr Húnavatnssýslunni, Evert og Theodór úr Kópavogi og Anna Elsa frá Reykjavík. Þau svöruðu fyrirspurnum um félagið, sýndu útskorin verk og vinnubrögð. Vakti kynningin töluverða athygli og verður vonandi til að efla félagið okkar.

Rétt er að minna á teikningar, bækur og myndbönd félagsins sem eru til útleiðgu hjá Friðgeiri Guðmundssyni að Melalind 12 í Kópavogi, sími: 5546775, 8616775, tölvupóstfang frg@isl.is

Brýnið

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð
Melalind 12,
201 Kópavogur
Heimasíða Félags áhugamanna um tréskurð
<http://www.listalind.is/treskurdur>

Móttakandi: